



Velkomin í Ölfus
- *hamingjan er hér*

Velkomin í Ölfus

Íþróttir og afþreying

Íþróttaiðkun í sveitarfélaginu er gríðarlega öflug og þá helst meðal barna og unglinga. Frá fjögurra ára aldri er í boði að iðka fótbolta, fimleika, körfubolta og frjálsar. Hér er svo einnig Litli íþróttaskólinn á vegum fimleikadeildarinnar fyrir börn frá eins árs aldri.

Íþróttafélög í Þorlákshöfn eru UMF Þór og Knattspyrnufélagið Ægir. Deildir innan UMF Þórs eru karfa, fimleikar, frjálsar, badminton og vélhjóladeild en það er frábær motocross braut rétt fyrir utan bæinn.

Í íþróttamiðstöðinni er mjög góð líkamsræktar- aðstaða þar sem hægt er að komast í einka- þjálfun, spinning, hóptíma o.fl.

Þar er að finna góða sundaðstöðu með útilaug, heitum pottum, vaðlaug og skemmtilegri innilaug fyrir fjölskyldufólk. Einnig er hér jóga og jógakennari, Jógahornið.

Heilsustíg má finna í bænum þar sem líkamsræktartæki eru við göngu/hlaupastíga.

Kort af heilsustígnum má finna á heimsíðu Ölfuss.
www.olfus.is/is/mannlif/gestir-og-gangandi/heilsustigurinn

Einnig er hestamannafélagið Háfetar mjög virkt og margar fallegar reiðleiðir í sveitarfélaginu. Hægt er að sjá nánari upplýsingar um íþrótt- og tómstundarfélög á heimasíðu Ölfuss.

www.olfus.is/is/mannlif/menning/ithrotta-og-tomstundafelag

Golfvöllurinn okkar hér er rómaður. Hann er staðsettur rétt við sjávarsíðuna alveg við bæinn. Golfklúbbur Þorlákshafnar sinnir vellinum.

Golfklúbbur Þorlákshafnar á facebook

Hér er æðisleg strönd. Best er að komast í hana frá bílastæðinu við golfvöllinn, þaðan er göngustígur beint niður í fjöruna. Fjaran er mikið notuð til útivistar og þar má oft sjá menn á brimbrettum, en slíkt er gott að stunda hér.

Einnig er fallett útivistarsvæði við Hafnarnesvita með útsýnisskífu og göngustíg.





Verslun og þjónusta

Lítill þjónustukjarni stendur við *Selvogsbraut 41*.

Þar má finna:

Veitingastaðinn Meitilinn,

Meitillinn veitingahús á facebook

Útibú frá Apótekanum,

Bakaríð Café Sól,

www.facebook.com/cafesol.thorlakshofn

Kompuna klippistofu,

www.facebook.com/kompan.klippistofa

og Vínbúðina.

Kr.-verslun er staðsett í Þorlákshöfn með yfir 2.000 helstu vöruliði á Krónuverði, *Selvogsbraut 12*

Aðrir veitingastaðir í Þorlákshöfn eru:

Hendur í Höfn, *Unubakki 10-12*

www.hendurihofn.is

Svarti Sauðurinn, *Unubakki 4*

www.facebook.com/svartisaudurinn

Skálinn, *Óseyrarbraut 15*

Heilsugæslan hér þykir mjög góð, *Selvogsbraut 24*

Á neðri hæð ráðhússins er til húsa mjög gott bókasafn en í húsinu er einnig Landsbankinn og útibú Póstsins, *Hafnarberg 1*

Olís og Orkan bjóða upp á þjónustu í bænum.

Opinber þjónusta er miðsvæðis þar sem bæði leik- og grunnskóli Þorlákshafnar eru staðsettir við Hafnarberg. Innar í götunni má svo finna alla íþróttþjónustu bæjarins. Nokkuð vestar, við Óseyrarbraut, er öldrunarþjónusta bæjarins sem kallast Nían.

Ruslasvæði er staðsett við enda Hafnarskeiðs, að norðanverðu. Þar er einnig söfnunargámur frá Rauða krossinum.

Hér er svo dósamóttaka, gengt vikurverksmiðjunni. Hún er opin á þriðjudögum milli 18.00-19.00.

Í bænum er haldið hátíðlega upp á ýmsa tyllidaga eins og Sjómannadaginn og 17. júní. Árlega er haldin bæjarhátíð fyrstu helgina eftir verslunarmannahelgi, nefnist hún Hafnardagar. Þar er götum bæjarins skipt upp í liti og hátíðarbragur færast yfir Þorlákshöfn.

www.facebook.com/hafnardagar

Allar helstu fréttir úr sveitarfélaginu má finna á *www.hafnarfrettir.is* sem og á facebooksíðunni; Íbúar í Þorlákshöfn og Ölfusi.

Gott er að fylgjast með á opinberri vefsíðu sveitarfélagsins sem og á virkri facebooksíðu; *www.olfus.is* og *www.facebook.com/sveitarfelagid.olfus*